

T a l s t ö ö M j ó l k á r

1. Sendir GVA
2. Viðtæki VF
3. Aflgjafar
 - a) V-220
 - b) V 220/20
 - c) VA

15. marz 1960
S.Rist

Þegar ég fór frá Mjólkárvirkjun 4. þ.m. lofaði ég stöðvarstjóranum að útvega honum leiðbeiningar með talstöðinni.

Á Radioverkstæði L.I., Sölvhólsgötu 11, Reykjavík, fékk ég greiða úrlausn á málaleitan minni. Þeir Ólafur Örnólfsson, símvirki, og Carl J. Eiríksson, verkfræðingur, hafa látið mér í té eftirfarandi upplýsingar:

Tengimöguleikar aflagjafa:

1. Spennubreytir V220/20 er tengdur í sendi. Spennubreytir V220 er tengdur í viðtæki. (tengið fyrir viðtæki, sem er á sendinum, er ekki notað). Þetta er hin venjulega notkun SAMTÍMISTAL.
2. Ef annar spennubreytirinn bilar, má tengja hinn inn á senditækið. Aflagjafatengi viðtækis tengist þá inn á tengi fyrir VIÐTÆKI, sem er á sendinum. Með þessu er aðeins hægt að nota SKIPTITAL.
3. Eins og möguleiki nr. 1, þó þannig að VA straumbreytar komi í stað V220/20 og V220.
4. Eins og möguleiki nr. 2, þó þannig að VA straumbreytir kemur í stað 220 V.

Formúla fyrir loftnetslengd:


$$\frac{300000 \times 0,95}{\text{tíðni í kc/s} \times 4} \quad \text{í styttra formi þannig} \quad \frac{71400}{\text{tíðni í kc/s}} \quad \text{m}$$

$$\text{t.d. } \frac{71400}{2457} = 29 \text{ m}$$

Ath.: Ef hin útreiknaða loftnetslengd gefur slæma raun, er rétt að þreifa fyrir sér með styttra loftnet.

Sendir GVA

Ætlaður f. 17-22 m loftnet



Snertihætta (hásp.) af tengslum á mæli, þegar skipt er um kristalla eða lampa. Slökkva skal á aflgjafa (en ekki tæki).

Lengingarspóla. Athugið að klemman frá þéttinum sé vel föst á einhverjum af þrem efstu hringjunum (eða eftir aðstæðum miðað við loftnet), til að fá sem mestan loftnetsstraum.

Sendir GVA, framhald

- Stilling:**
1. Valin tíðni
 2. Breyta stillingu á skipti LOFTNET og stilltur STILLIR fyrir hámarks útgjöf á LOFTNETSSTRAUMUR (mæli) en lágmarks "dip" á PLÖTUSTRAUMUR (mæli).
 3. Ath. rofa SENDIR AF - SKIPTITAL - SAMTÍMISTAL í stillingu SENDIR AF er rofin glóðin að lömpunum í sendinum (sparar straum)

- Bilanir:**
1. Kristall (stöðin sendir ekki, á rangri tíðni eða stillist illa).
 2. Útg. lampar 6L6 (stöðin dauf o.s.frv.)
 3. Mótunarlampar EL84 (tal óskýrt, brenglað o.s.frv.)
 4. Sveiflufaki 6C5 (stöðin vinnur ekki eða mjög illa þótt spennur séu réttar, glóð á o.s.frv.)

Gæta ber sérstaklega að því að setja rétta kristalla og lampa á réttan stað (rugla ekki).

Talfarið, helztu bilanir: Kolamikrofónn eða snúrur.


Ath. Gaumljós er ekki í seríu við glóð á lömpum, tækin geta því gengið þó það sjáist ekki.

Við tal (mótun) á LOFTNETSSTRAUMUR (mælir) að slá aðeins meira út, ef hann slær til baka þarf að stilla betur bæði LOFTNET og STILLIR.

Ath. sérstaklega loftnet og jörð, hvort tveggja sé hreint og fast tengt. Algjörlega er bannað að tengja aukasnúrur eða aukaloftnet í sendiloftnetið, slíkt skemmir.

Viðtæki VF

Ýmist tengt sjálfstæðum aflgjafa
V 220 (SAMTÍMISTAL), venjuleg notkun
eða í tengi VIÐTEKI á sendi (SKIPTITAL)



Helztu bilanir:

1. Lampar. Rétt er að skipta um alla lampana og sjá hvort tækið kemst í lag, ef svo er skal taka að setja gömlu lampana í þar til sá bilaði finnst.
2. Skortur á afli (bilun í aflgjafa).
3. Loftnetsslíður þarf að vera vel einangrað frá kassa og fast.

Meiri háttar bilanir:

4. Miklar truflanir (dynur) í tækinu, orsakast vegna bilunar á síu í aflgjafa.

Aflgjafar:

Straumbreytir V 220

Inn 220 V ~

Út ca 460 V hásp. jafnsp. (tómng.)
12 V glósp.

Afríðilslampi 5V3 (nota má 5U4)

Öryggi 10A

Gaumpera 8008D (skrúfuð)

Ætlað sem aflgjafi f. viðtæki eingöngu.


Helztu bilanir: Ónýtt öryggi eða lampi.

Meiri háttar bilanir: Biluð sía (þéttar) eða brunnir spennar.


Tengi

4ra liða stungid tengi

3. mynd



5 liða skúfað tengi



4. mynd

Ath. styring á 5liðatengi á að vera á milli 1 og 2

Aflgjafar, framhald

Straumbreytir V 220/20

Inn 220 V \sim

Út ca. 460 V hásp. jafnsp. (tóng.)

12 V glósp.

Afriðilslampi 5U4 eða GZ34

Öryggi 5A

Gaumpera 8008D skrúfuð.


Atlað einkum sem aflgjafi f. sendi.

Helztu bilanir: Ónýtt öryggi eða lampi.

Meiri háttar bilanir: Biluð sía (þéttar) eða brunnir spennar.

Tengi 5 líða, sjá 4. mynd

Aflgjafar, framhald
Straumbreytir VA



Vibrastautar 12 V 5 pinna

Árífandi: + að kassa

Inn 12 V jafnsp.

Út ca. 425-450 V (tómg.), má ekki ganga lengi án álags.
300-350 V við álag

Öryggi 20 A

Helstu bilanir: 1. Öryggi ónýtt

2. Stautar bilaðir eða ónýtir, fara oftast vegna þess að spenna inn er of lág.

Meiri háttar bilanir: 3. Biluð sía (þéttar, chokir o.s.frv.)

4. Bilaðir (brunnir) spennar.